

213. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í Þorpinu, Þjóðbraut 13, miðvikudaginn 5. apríl 2023 og hófst hann kl. 08:00.

Fundinn sátu:

Jónína Margrét Sigmundsdóttir formaður, Einar Brandsson varaformaður, Ívar Orri Kristjánsson áheyrnarfulltrúi, Liv Aase Skarstad aðalmaður, Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs, Anney Ágústsdóttir verkefnastjóri og Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Dagný Hauksdóttir, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 2304001 - Kynning á starfsemi Þorpsins apríl 2023

Ívar Orri Kristjánsson og Ársæll Rafn Erlingsson kynna starfsemi Þorpsins. Heiðrún Janusardóttir verkefnastjóri situr fundinn undir þessum lið.

Skóla- og frístundaráð þakkar Ívari og Ársæli fyrir greinargóða kynningu á starfsemi Þorpsins.

Ívar Orri, Ársæll Rafn og Heiðrún víkja af fundi.

2. 2303210 - Landsmót Æskulýðssambands Þjóðkirkjunnar - umsókn um styrk í formi húsnæðisnotkunar

Erindi frá Æskulýðssambandi Þjóðkirkjunnar (ÆSKÞ) vegna fyrirhugaðs landsmóts á Akranesi um miðjan október 2023.

Skóla- og frístundaráð samþykkir að fela sviðsstjóra að skoða með fulltrúum ÆSKÞ í samráði við skólastjórnendur hvort og hvernig er hægt að verða við erindinu. Ef af mótinu verður samþykkir ráðið að verða við beiðni ÆSKÞ varðandi frían aðgang að sundlauginni á Jaðarsbökkum.

3. 2303214 - Málefni barna - niðurgreiðslur o.fl. vegna vistunar barna í daggæslu

Aðsent erindi.

Skóla- og frístundaráð þakkar fyrir erindið og felur sviðsstjóra að svara því í samræmi við umræðu fundarins. Ráðið felur sviðsstjóra jafnframt að gera tillögur að breytingum á reglum um niðurgreiðslu vegna dvalar barna hjá dagforeldrum er varða systkinaafslátt.

4. 2205139 - Námsstyrkir Akraneskaupstaðar 2022-2023

Skóla- og frístundaráð samþykkir tillögu að greiðslum til leikskólanna vegna náms leikskólafraðsmanna sem stunda nám í leikskólafræðum samhliða vinnu og fá að sækja tíma á launum. Ekki er gert ráð fyrir viðauka vegna þessa kostnaðar þar sem fjármagn er til í fjárhagsáætlun sviðsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.